



Fundur kosningastjórnar Sósíalistasflokks Íslands sunnudaginn 12. janúar 2025, klukkan 12:00 í Bolholti 6 og á Zoom fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Halldóra Hafsteins, Karl Héðinn Kristjánsson, Þórarinn Haraldsson, Björn Rúnar Guðmundsson, Arnlaugur Samúel Arnþórsson, Sigrún Unnsteinsdóttir, Guðmundur Auðunsson og Þórdís Bjarnleifsdóttir.

Halldóra ritar fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og staðfest.

2. Gátlisti fyrir kosningar.

Umræða um skjal um undirbúning, skipulag og verkefni fyrir kosningar.

3. Sýnilegt starf kosningastjórnar út á við.

-Skipulag kosningastjórnar

Umræður um skipulag kosningastjórnar eftir kosningar, uppstillingarnefnd, sýnileika út á við og hvernig má efla starfið um allt land.

-Skipulag stjórnarandstöðu utan þings

Umræður um mikilvægi greinarskrifa og ályktana og sýnileika viðbragða við störfum ríkisstjórnarinnar. Samþykkt að setja af stað nýja þætti á Samstöðinni, í samstarfi við féлага um allt land og umfjöllun um verkefni ríkisstjórnarinnar út frá sósíalískum gildum. Byrja að setja upp verkáætlun kosningastjórnar.

-Umræða um verkefni kosningastjórnar á næsta félagsfundi

Umræður um hvað þarf að leggja áherslu á í framhaldinu og kynna á næsta félagsfundi fimmtudaginn 16. janúar 2025. Samþykkt að halda Zoom fund þriðjudaginn 14. janúar 2025 til að undirbúa félagsfundinn.

4. Önnur mál.

Samþykkt að halda Sósíalistaþing 1. maí 2025 og helgina þar á eftir (3. og 4. maí).

Umræður um að senda út könnun til félagsmanna um viðhorf þeirra til ýmissa mála.